

## FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1400

frá 10. maí 2016

**um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina lágmarksatriði áætlunar um endurskipulagningu starfsemi og lágmarksinnihald skýrslna um framvindu framkvæmdar áætlunarinnar**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EEB og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB, og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum a- og b-lið 12. mgr. 52. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um ítarlegar reglur um þau lágmarksatriði sem ættu að vera í áætlun um endurskipulagningu starfsemi til samþykktar hennar, og um lágmarksinnihald skýrslna sem teknar eru saman þegar um er að ræða endurskipulagningu stofnana og eininga sem falla undir ákvæði tilskipunar 2014/59/ESB.
- 2) Viðmiðunarreglur og tilkynningar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í tengslum við mat á því hvort farið er að reglum Sambandsins um ríkisaðstoð að því er varðar endurskipulagningu fyrirtækja í erfiðleikum í fjármálageiranum, skv. 3. mgr. 107. gr. sáttmálans, geta veitt gagnlega viðmiðun fyrir útfærslu áætlunar um endurskipulagningu starfsemi jafnvel þótt engin ríkisaðstoð hafi verið veitt, þar sem þau eiga það markmið sameiginlegt með áætluninni um endurskipulagningu starfsemi að endurheimta til langframa rekstrarhæfi stofnunarinnar eða einingarinnar.
- 3) Áætlanir um endurskipulagningu starfsemi ættu að geta notað upplýsingarnar í endurreisnaráætluninni og skilaáætluninni, að því marki sem þessar upplýsingar eru enn viðeigandi til að endurheimta til langframa rekstrarhæfi stofnunar eða einingar sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og að teknu tilliti til beitingar eftirgjafarúrræðisins.
- 4) Endurskipulagning stofnunar eða einingar sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og starfsemi hennar í kjölfar beitingar eftirgjafarúrræðisins ætti að taka á ástæðum fyrir greiðsluþroti hennar. Grundvöllur stefnuáætlunar endurskipulagningarinnar ætti því að vera þeir þættir sem voru þess valdandi að stofnun eða eining fór í skilameðferð. Sú stefnuáætlun getur einnig tekið tillit til fyrirbyggjandi aðgerða og neyðaraðgerða sem lögbært yfirvald eða skilavald hefur gripið til og framkvæmt, eftir því sem við á. Hægt er að sýna fram á upptök og umfang erfiðleikanna sem slíkar stofnanir eða einingar lenda í, með því að taka með upplýsingar um að viðkomandi eftirlits- og varfærniskröfur séu uppfylltar áður en skilameðferð hefst.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190.

- 5)Enda þótt greiðsluþrot stofnunar eða einingar sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB kunni að hafa stafað af tilteknum ástæðum, kann þessi stofnun eða eining að hafa haft aðra annmarka sem leiddu til ekki greiðsluþrots en gætu grafið undan rekstrarhæfi hennar til langframa. Endurskipulagningin ætti að taka á öllum annmörkum. Árangursrík stefnuáætlun um endurskipulagningu ætti að koma í kjölfar ítarlegrar greiningar á stofnun eða einingu í endurskipulagningu, styrkleikum og veikleikum, sem og viðeigandi mörkuðum þar sem sú stofnun eða eining starfar og áhættu og tækifærum á þeim. Til að skilavald og lögbært yfirvald álitu áætlun um endurskipulagningu starfsemi trúverðuga ætti hún að endurheimta rekstrarhæfi stofnunarinnar til langframa á grunni varfærinna forsendna.
- 6)Það að endurheimta til langframa rekstrarhæfi stofnunar eða einingar sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr tilskipunar 2014/59/ESB eftir skilameðferð þýðir að stofnunin eða einingin getur, í síðasta lagi við lok endurskipulagningartímabilsins, uppfyllt innra matsferli fyrir eiginfjárbörf og allar viðeigandi varfærniskröfur og aðrar eftirlitskröfur á framtíðar grundvelli, og að hún sé með rekstrarhæft viðskiptalíkan sem einnig er sjálfbært til langframa.
- 7)Skilavald og lögbært yfirvald ættu að fá nægjanlega ítarlegar upplýsingar til að meta áætlunina um endurskipulagningu starfsemi og vakta framkvæmd hennar. Krafan um að veita slíkar upplýsingar ætti að taka tillit til mikilvægis þeirra fyrir félagsform stofnunarinnar eða einingarinnar sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, og mikilvægis þeirra hvað varðar endurskipulagningu og áreiðanleika þeirra, einkum ef um er að ræða kerfislæga kreppu.
- 8)Óstöðugleiki er innbyggður hluti hagsveiflna. Sérhver viðskiptaáætlun ætti því að vera með fyrirvara um greiningar á öðrum sviðsmyndum, með viðeigandi breytingum á undirliggjandi lykilmörkum. Jafnvel þótt endurheimta ætti rekstrarhæfi til langframa í öllum sviðsmyndum, myndi þróun fullgerðra áætlana fyrir aðra mögulega endurskipulagningu leiða til óhóflegs kostnaðar fyrir stofnunina eða eininguna sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, meðan aðrar sviðsmyndir en grunnsviðsmyndin eru að jafnaði ólíklegri til að eiga sér stað.
- 9)Áætlunin um endurskipulagningu starfsemi ætti að gera skilavaldi og lögbæru yfirvaldi kleift að meta áhrif þess á það að ná markmiðum skilameðferðar og einkum að tryggja samfellu nauðsynlegra starfsþátta og komast hjá skaðlegum áhrifum á fjármálakerfið.
- 10)Hversu oft eftirlit er haft með framkvæmd áætlunar um endurskipulagningu starfsemi og hversu nákvæmt það er ætti að leiða til þess að hægt sé að greina snemma öll frávik eða aðra erfiðleika. Ársfjórðungsskýrslur gagna og frammistöðu er algeng aðferðafræði í fjármálageiranum og gerir slíkar athuganir mögulegar með góðum fyrirvara. Áætlunin um endurskipulagningu starfsemi ætti einnig að gera mögulega aðlögun að áföngum eða ráðstöfunum sem þar voru upphaflega fyrirhugaðir, þegar aðstæður réttlæta það.
- 11)Reglugerð þessi byggir á frumvarpi að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 12)Evrópska bankaefirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitu hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 <sup>(2)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

### **Skilgreiningar**

---

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaefirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1), „endurskipulagningartímabil“: tímabil, innan hæfilegra tímamarka, frá beitingu eftirgjafarúrræðisins til þess tímapunkts þegar þess er vænst að stofnunin eða einingin, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í skilameðferð, hafi endurheimt rekstrarhæfi sitt til langframa og á því tímabili hafi ráðstöfunum í áætlun um endurskipulagningu starfsemi verið hrundið í framkvæmd,
- 2), „grunnsviðsmynd“: viðskiptasviðsmynd sem stjórn eða aðili, eða aðilar sem tilnefndir hafa verið til að reka stofnunina eða eininguna sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, telja líklegast að komi til framkvæmda þegar rekstrarhæfi stofnunarinnar eða einingarinnar hefur verið endurheimt til langframa.

## 2. gr.

### Stefnuáætlun og ráðstafanir

1. Áætlun um endurskipulagningu starfsemi skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi þætti:
  - a) sögulegan reikning og fjárhagsreikning þáttanna sem stuðlað hafa að erfiðleikum stofnunarinnar eða einingarinnar sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, þ.m.t. viðeigandi árangursvísbenda sem veiktust á tímabilinu á undan skilameðferðinni og ástæðuna fyrir veikingu þeirra,
  - b) stutta lýsingu á fyrirbyggjandi aðgerðum og neyðaraðgerðum ef lögbært yfirvald, skilavald eða stofnun eða eining, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, hefur gripið til þessara ráðstafana áður en áætlunin um endurskipulagningu starfsemi var lögð fram,
  - c) lýsingu á áætluninni um endurskipulagningu starfsemi og ráðstöfunum þeim sem ætlað er að endurheimta rekstrarhæfi stofnunarinnar eða einingarinnar til langframa á endurskipulagningarbilinu, þ.m.t. lýsingu á hvoru tveggja af eftirfarandi:
    - i. endurskipulögðu viðskiptalíkani,
    - ii. ráðstöfunum sem hrinda í framkvæmd stefnuáætlun um endurskipulagningu starfsemi á samstæðustigi, einingarstigi og stigi viðskiptasviðs,
    - iii. fyrirhuguðum líftíma endurskipulagningartímabilsins og mikilvægum áföngum,
    - iv. samspili við skilavald og lögbært yfirvald,
    - v. stefnuáætlun að því er varðar þátttöku viðeigandi ytri hagsmunaaðila á borð við verkalýðsfélög eða verkalýðssamtök,
    - vi. innri og ytri samskiptaáætlun fyrir viðskiptalegar endurskipulagningarráðstafanir.
2. Þegar slíta á eða selja hluta stofnunar eða einingar sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skal endurskipulagningaráætlunin sem um getur í c-lið 1. mgr. þessarar greinar tilgreina allt eftirfarandi:
  - a) viðeigandi einingu eða starfssvið, aðferðina við slit eða sölu, þ.m.t. undirliggjandi forsendur og allt hugsanlegt vænt tap,
  - b) vænt tímamörk,
  - c) hvers konar fjármögnun eða veitta þjónustu af hálfu eða til handa stofnun eða einingu sem eftir stendur.
3. Allur ávinningur af sölu eigna, eininga eða starfssviða sem gert er ráð fyrir í áætluninni um endurskipulagningu starfsemi skal reiknaður á varfærinn hátt, annaðhvort með tilvísun í áreiðanlega viðmiðun eða virðismat, t.d. sérfræðilegt virðismat, beitingu markaðsathugunar eða virði svipaðra starfssviða. Við útreikninginn skal taka tillit til möguleika á tapi.
4. Hvað varðar þá hluta stofnunar eða einingar, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem verður ekki slitið eða seldir skal áætlunin um endurskipulagningu starfsemi tilgreina leiðir til úrbóta á hvers konar annmörkum á rekstri þeirra eða afkomu sem kunna að hafa áhrif á rekstrarhæfi þeirra til langframa, jafnvel þó að þessir annmarkar tengist greiðsluþroti þeirrar stofnunar eða einingar ekki beint.
5. Ráðstafanirnar sem settar eru fram í áætluninni um endurskipulagningu starfsemi skulu taka tillit til styrkleika og veikleika stofnunar þeirrar eða einingar sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og endurskipulagðs viðskiptalíkans hennar með vísun til efnahags- og markaðsumhverfisins þar sem hún starfar.

6. Stefnaáætlun endurskipulagningarinnar getur innihaldið ráðstafanir sem áður voru tilgreindar í endurreisnaráætluninni eða skilaáætluninni, að því tilskildu að skilaáætlunin sé aðgengileg stofnun þeirri eða einingu sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og þegar slíkar ráðstafanir gilda áfram eftir skilameðferð. Þessi kostur felur ekki í sér neina skuldbindingu af hálfu skilavalds til að deila skilaáætluninni með stjórn, aðila eða aðilum sem skipaðir eru í samræmi við 1. mgr. 72. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

### 3. gr.

#### Rekstrarafkoma – lögfestar kröfur

1. Áætlunin um endurskipulagningu starfsemi skal hafa að geyma áætlaða rekstrarafkomu stofnunar eða einingar sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB á endurskipulagningartímabilinu og sýna fram á hvernig rekstrarhæfi til langframa verður endurheimt. Í henni skal einkum koma fram:

- a) kostnaður og áhrif endurskipulagningar á rekstrarreikning og efnahagsreikning stofnunar eða einingar,
- b) lýsing á fjármögnunarkröfum á endurskipulagningartímabilinu og á hugsanlegum uppsprettum fjármögnunar,
- c) hvaða aðferð stofnun eða eining getur beitt til að standa undir öllum kostnaði sínum, þ.m.t. afskriftir og gjöld, og veitt ásættanlega ávöxtun við lok endurskipulagningartímabilsins,
- d) efnahagsreikningur að lokinni skilameðferð sem endurspeglar nýja skulda- og fjármagnsuppbyggingu og niðurfærslu fjármuna sem byggð er á virðismati sem gert er skv. 1. mgr. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða endanlegu eftirvirðismati sem um getur í 10. mgr. 36. gr.,
- e) spá um fjárhagslega grunnmælipætti á samstæðustigi, einingarstigi og stigi viðskiptasviðs að því er einkum varðar lausafjárstöðu, uppgreiðslu lánaskuldbindinga, fjármögnunarsnið, arðsemi og skilvirkni.

2. Í áætlun um endurskipulagningu starfsemi skulu settar fram aðgerðir sem stofnun eða eining grípur til í því skyni að tryggja að hún geti uppfyllt allar viðeigandi varfærniskröfur og aðrar eftirlitskröfur á framsýnum grundvelli eins fljótt og auðið er og í síðasta lagi við lok endurskipulagningartímabilsins, þ.m.t. lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í skilningi 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

### 4. gr.

#### Mat á rekstrarhæfi

1. Áætlunin um endurskipulagningu starfsemi skal innihalda nægilegar upplýsingar til að gera skilavaldi og lögbæru yfirvaldi kleift að meta framkvæmanleika hinna fyrirhuguðu ráðstafana. Í áætluninni um endurskipulagningu starfsemi skal a.m.k. setja fram:

- a) forsendur um vænta þjóðhagslega þróun og markaðsþróun í grunnsviðsmyndinni, borið saman við viðeigandi viðmiðanir sem taka til alls geirans,
- b) gagnröða kynningu á öðrum heildaráætlunum um endurskipulagningu eða ráðstöfunum og rökstuðning fyrir því hvers vegna ráðstafanirnar í áætluninni um endurskipulagningu starfsemi hafa verið valdar til að endurheimta til langframa rekstrarhæfi stofnunar eða einingar sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, jafnframt því að markmið og meginreglur skilameðferðar eru virtar.

2. Áætlunin um endurskipulagningu starfsemi skal hafa að geyma nauðsynlegar upplýsingar til að gera skilavaldi eða lögbæru yfirvaldi kleift að framkvæma ítarlega greiningu á áhrifum áætlunarinnar um endurskipulagningu á nauðsynlega starfsþætti stofnunar eða einingar sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, og á fjármálastöðugleika.

3. Áætlunin um endurskipulagningu starfsemi skal hafa að geyma greiningu á öðrum undirliggjandi lykilforsendum þar sem tekið er tillit til bestu og verstu hugsanlegu sviðsmyndar. Endurheimt rekstrarhæfi til langframa skal vera möguleg samkvæmt öllum sviðsmyndum jafnvel þó að tímabil, ráðstafanir og rekstrarafkoma geti verið mismunandi.

4. Að því er varðar bestu og verstu hugsanlegu sviðsmyndir sem um getur í 3. mgr. skal áætlunin um endurskipulagningu starfsemi hafa að geyma samantekt á lykilupplýsingum sem notaðar eru við að þróa hverja sviðsmynd og árangur stofnunar eða einingar sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB samkvæmt hverri sviðsmynd. Einkum skal slík samantekt hafa að geyma:

- a) undirliggjandi forsendur á borð við þjóðhagslegar lykilbreytur,
- b) spá um rekstrarreikning og efnahagsreikning,
- c) fjárhagslega grunnmælipætti á samstæðustigi, einingarstigi og stigi starfssviðs.

5. gr.

### **Framkvæmd og aðlögun**

1. Áætlunin um endurskipulagningu starfsemi skal hafa að geyma tiltekna, viðeigandi og a.m.k. ársfjórðungslega framkvæmdaráfanga og árangursvísbenda. Hægt er að aðlaga þessa áfanga og vísbenda, í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 2. mgr.
2. Áætlunin um endurskipulagningu starfsemi skal gefa kostna á þeim möguleika að stjórn, aðili eða aðilar sem skipaðir eru í samræmi við 1. mgr. 72. gr. tilskipunar 2014/59/ESB aðlagi stefnuáætlun endurskipulagningarinnar eða einstakar ráðstafanir þegar þess er ekki lengur að vænta að framkvæmd þeirra stuðli að því að endurheimta rekstrarhæfi til langframa innan áformaðra tímamarka. Slík aðlögun skal tilkynnt skilavaldi og lögbæru yfirvaldi í framvinduskýrslu um framkvæmd áætlunarinnar um endurskipulagningu starfsemi sem um getur í 6. mgr. Einnig má tilkynna um slíka aðlögun í aukaskýrslum ef brýna nauðsyn ber til.
3. Stjórn, aðili eða aðilar sem tilnefnd eru í samræmi við 1. mgr. 72. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skulu ekki víkja frá framkvæmd áætlunarinnar um endurskipulagningu starfsemi nema að fengnu samþykki fyrir aðlögunina samkvæmt málsmeðferð sem sett er fram í 7., 8. og 9. mgr. 52. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

6. gr.

### **Framvinduskýrsla**

1. Framvinduskýrslan, sem leggja á fyrir skilavald skv. 10. mgr. 52. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skal hafa að geyma endurskoðun og mat á framvindu framkvæmdar áætlunarinnar um endurskipulagningu starfsemi og a.m.k. taka til:
  - a) uppfylltra áfanga, aðgerða sem gripið er til og áhrifa þeirra í samanburði við tilætluð áhrif áætlunarinnar um endurskipulagningu starfsemi,
  - b) frammistöðu stofnunar eða einingar og samanburðar við spár áætlunarinnar um endurskipulagningu starfsemi og fyrri framvinduskýrslur,
  - c) ástæðna þess að einhverjir áfangar eða ráðstafanir hafa ekki náðst og tillagna til að bæta úr frestunum eða skorti,
  - d) allra annarra mála sem koma upp við framkvæmd áætlunarinnar um endurskipulagningu starfsemi sem kunna að koma í veg fyrir endurheimt á rekstrarhæfi stofnunar eða einingar til langframa eins og um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
  - e) næstu aðgerða og áfanga og mats á því hve líklegt er að þeir náist,
  - f) uppfærðrar spár um rekstrarafkomu,
  - g) tillögu um aðlögun, ef nauðsyn krefur og rök eru færð fyrir því, á einstökum aðgerðum, áföngum eða frammistöðuvísnum í samræmi við 2. mgr. 5. gr.
2. Skilavöld geta alltaf farið fram á að stjórn, aðili eða aðilar sem tilnefndir eru í samræmi við 1. mgr. 72. gr. tilskipunar 2014/59/ESB veiti upplýsingar varðandi framkvæmd áætlunarinnar um endurskipulagningu starfsemi.

7. gr.

### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. maí 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---